

## Fundargerð 13. fundar stjórnar SSA haldinn 28.ágúst 2023

### Fundurinn var haldinn á Teams og hófst hann kl 15:00

Mættir stjórnarmenn SSA voru: Axel Örn Sveinbjörnsson, Berglind Harpa Svavarsdóttir, Helgi Hlynur Ásgrímsson, Ragnar Sigurðsson og Þuríður Lillý Sigurðardóttir. Jóhann F. Þórhallsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

Mættir starfsmenn Austurbrúar: Dagmar Ýr Stefánsdóttir framkvæmdastjóri, Jón Knútur Ásmundsson og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem skrifuðu fundargerð.

Berglind Harpa formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár

1. Fundargerð SSA nr. 12 var samþykkt og verður undirrituð rafrænt.
2. Undirbúningur fyrir fund með ríkisstjórn Íslands  
Farið var yfir skipulag fundarins og þátttakendur. Kynning á ræðu formanns.
3. Haustþing SSA 2023
  - Framkvæmdastjóri kynnti dagskrá Haustþingsins sem verður haldið í Fljótsdal 28. – 29. september
  - Farið yfir fyrirhugaða vinnu við ályktanir haustþingsins.
  - Umræður um val á heiðursgesti og umræða um menningarverðlaun en auglýsa þarf eftir tillögum sem fyrst. Óskað eftir tillögum að heiðursgesti frá stjórn.
4. Beiðni frá bæjarráði Fjarðabyggðar
  - Bæjarráð bókaði eftirfarandi og vísar til Sambands sveitarfélaga á Austurlandi að taka sérstaklega til skoðunar fjallskilasamþykkt fyrir Múlasýslur.
    - „Bæjarráð beinir til stjórnar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi að mikilvægt sé að fjallskilasamþykkt fyrir Múlasýslur verði tekin til endurskoðunar í ljósi þess að skýra þurfi ágang búfjár nánar ásamt því að skilgreina þurfi réttindi og skyldur fjáreigenda og landeigenda í því sambandi. Þá sé æskilegt að stjórnin hlutist til um að samræma verklagsreglur vegna ágangsmála í framhaldi þess að greitt verði úr álitamálum af hálfu matvælaráðuneytis en fjallskilasamþykktin gildir fyrir fjögur sveitarfélögin á starfssvæði Sambands sveitarfélaga á Austurlandi.“
  - Málið lagt fram til kynningar. Verður tekið fyrir til umfjöllunar á næsta fundi SSA í október.
5. Farsældarráð
  - Beiðni um umsögn landshlutasamtaka sveitarfélaga um svæðisbundið samráð sveitarfélaga í þágu farsældar barna. Framkvæmdastjóri kynnti tillögu að svari.
6. Önnur mál
  - Sambandið, námskeið fyrir sveitastjórnarfólk – fundarmenn ræddu mögulegar dagsetningar og staðsetningar. Framkvæmdastjóri SSA tekur málið upp við Sambandið.

Mál til kynningar og umræðu eftir atvikum

7. 7. Umsagnarbeiðnir og samskipti við sambandið
- Áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skipulag haf- og strandsvæða, sjá umsögn frá [Sambandinu í samráðsgátt](#).
  - Drög að húsnæðisstefnu til fimmtán ára og aðgerðaráætlun til fimm ára, [í samráðsgátt](#)
  - Drög að reglugerð um íbúakosningar sveitarfélaga, [í samráðsgátt](#)
8. 8. Mál í samráðsgátt stjórnvalda
- [Grænbók um skipulagsmál](#)
  - Málalisti í [samráðsgátt](#)
9. 9. Fundargerðir og erindi til kynningar
- SSH, fundur nr. [560](#), [561](#)
  - SSV, fundur nr. [175](#)
  - SSNE, fundur nr. [52](#), [53](#)
  - SSNV, fundur nr. [96](#), [97](#)
  - SASS, fundur nr. [596](#), [597](#)
  - Sambandið (fundur nr. 929, 930, 931 í viðhengi)
  - HMS: [Húsnæðisþing](#)
  - HMS: [Hreyfiafl vistvænnar þróunar í mannvirkjagerð](#)
  - Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands: [Göngum í skólann](#)
  - Ársskýrsla HAUST – í viðhengi
  - Fréttatilkynning vegna Loftslagsstefnu höfuðborgarsvæðisins – sjá viðhengi

Formaður sleit fundi kl. 16:30. JKÁ tók við fundargerð 15:40.

# Undirritunarsíða

Ragnar Sigurðsson

Þuríður Lillý Sigurðardóttir

Berglind Harpa Svavarsdóttir

Helgi Hlynur Ásgrímsson

Axel Örn Sveinbjörnsson